

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur**

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

skipulag@reykjavik.is**Efni : Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur og framlenging skipulagstímabilsins**

Vegagerðin vísar í fund með Reykjavíkurborg þann 21. 9. 2021 þar sem farið var yfir stöðu aðalskipulags.

Vegagerðin ítrekar fyrri umsögn og bendir jafnframt á umsögn frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 3. 12. 2020.

Vegagerðin bendir jafnframt á að í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins eru tilteknar framkvæmdir á stofnvegum sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og ríkið hafa samþykkt að ráðast í fram til ársins 2034.

Mikilvægt er að rými sé tekið frá fyrir þær framkvæmdir sem samþykktar hafa verið í samgöngusáttmálanum sem og í gildandi samgöngu-áætlun.

Aðalskipulagsbreytingin gerir ekki nægilega grein fyrir öllum nauðsynlegum breytingum á samgöngumannvirkjum sem tengjast samgöngusáttmálanum. Má þar sérstaklega nefna gatnamót Reykjanesbrautar við Bústaðaveg svo og útfærslur gatnamóta í tengslum við stokka sem merktir eru sem jarðgöng á aðalskipulagsupprætti við Sæbraut og Miklubraut.

Í samgöngusáttmálanum kemur jafnframt fram að sveitarfélögin skuli huga að greiðri tengingu Sundabrautar inn á stofnbrautir höfuðborgar-svæðisins. Þá undirrituðu borgarstjóri og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sérstaka yfirlýsingu í júlí 2021 um frekari undirbúning Sundabrautar. Þar kemur fram það markmið að Sundabraut komi til framkvæmda árið 2026 og verði lokið árið 2031. Vegagerðin leggur áherslu á að skipulag aðliggjandi svæða taki mið af legu Sundabrautar á skipulagstímabilinu.

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Guðmundur Valur Guðmundsson

Framkvæmdastjóri þróunarsviðs

Undirskrift